




## EMSTRUSKÁLI, MOSAR Í RANGÁRÞINGI EYSTRÁ

Deiliskipulag

31.08.2023



## Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra þann

---

f.h. Rangárþings eystra

---

Deiliskipulagstillagan var kynnt frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

### **SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ**

---

#### SKJALALYKILL

---

1854-021-005-GRG-V01

#### HÖFUNDUR

---

Brynja Rán Egilsdóttir

#### RÝNT

---

Ásgeir Jónsson/Ingibjörg Sveinsdóttir

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>4</b>
1.1	Markmið	4
1.2	Skipulagsgögn	4
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>5</b>
2.1	Lýsing svæðis	5
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirliggjandi stefna.	5
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	5
2.2.2	Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2039	5
2.2.3	Deiliskipulag	7
2.2.4	Þjóðlenda	8
2.2.5	Fornminjar	8
<b>3</b>	<b>DEILISKIPULAG</b>	<b>9</b>
3.1	Lóð og byggingarskilmálar	9
3.2	Samgöngur	9
3.3	Veitur	9
3.3.1	Vatnsból	9
3.3.2	Fráveita	9
3.3.3	Rafveita	9
3.4	Regnvatn	10
3.5	Sorp	10
<b>4</b>	<b>ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR</b>	<b>10</b>
4.1	Hönnun og uppdrættir	10
4.2	Mæliblöð	10
4.3	Frágangur lóða og umgengni	10
<b>5</b>	<b>UMHVERFISÁHRIF</b>	<b>11</b>
5.1	Vægi umhverfisáhrifa	11
5.2	Umhverfispættir, viðmið og matsspurningar	11
5.3	Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags	12
<b>6</b>	<b>SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ</b>	<b>14</b>
6.1	Umsagnaraðilar	14
6.2	Skipulagsferlið	14

## 1 INNGANGUR

Sveitarfélagið Rangárþing eystra vinnur að gerð deiliskipulags fyrir Emstruskála, Mosar. Um er að ræða skálasvæði þar sem heimild er fyrir gistingu fyrir allt að 20 manns. Með deiliskipulaginu er verið að staðfesta landnotkun svæðisins og marka stefnu um uppbyggingu til framtíðar. Skipulagssvæðið er um 1,8 ha að stærð.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði AF22.

Deiliskipulag þetta er unnið á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

### 1.1 Markmið

Deiliskipulaginu er ætlað að setja ramma utan um starfsemi á svæðinu og viðhald hennar til framtíðar og að framkvæmdir verði í samræmi við samþykkt skipulag.

Markmið með gerð deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Skilgreina lóðir fyrir núverandi mannvirki og afmarka byggingarreiti fyrir ný mannvirki.
- Setja byggingarskilmála þar sem m.a. verður kveðið á um samræmt yfirbragð mannvirkja.

Áhersla er á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd.

### 1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir er unnir á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, kortagrunnum IS50v frá LMÍ, auk grunna sveitarfélagsins. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000.
- Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032.
- Greinagerð þessi með skipulags og byggingarskilmálum og umhverfisskýrslu.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 Lýsing svæðis

Á staðnum er skáli fyrir gistingu og hesthús með hestagerði. Skálar eru staðsettir rétt norðan Markarfljóts og liggur Emstruleið nr. F261 framhjá/milli skálanna. Skálarnir eru einkum nýttir af hestahópum sem eru á leið um Fjallabak syðra. Svæðið er lítt gróið og vistgerðir eru aðallega melar, skv. vistgerðakortlagningu Náttúrufræðistofnunar.

### 2.2 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna.

#### 2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag miðhálandis Íslands

*„Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufræðis. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins. Uppbygging ferðamannaáðstöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálendisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálendisins.“* Emstruskáli er skálasvæði skv. landsskipulagsstefnu.

- Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.

*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins“.*

#### 2.2.2 Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2039

Í Aðalskipulagi Rangárbings eystra 2020-2032 er skálasvæðið Emstruskáli (Mosar) skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF22).

#### Afþreyingar- og ferðamannasvæði


Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- „Bæta aðgengi að hálendissvæðum“

- Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum. Við endurgerð bygginga á hálendinu og/eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi og fyrirhugaðri notkun.
- Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði gætt að samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Mannvirki skulu vera látlaus og nota skal byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds. Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi s.s. með endurheimt staðargróðurs. Við framkvæmdir skal leitast við að raska eins litlu svæði og mögulegt er.
- Á hverju svæði verði gert ráð fyrir bílastæðum, göngustígum/hjólaleiðum, upplýsingaskiltum, merkingum og eftir atvikum snyrtingu og öðrum þjónustubyggingum.
- Aðstaða í fjallaskálum verði bætt til að mæta körfum gesta um betri aðbúnað og þjónustu og til að efla mögulega atvinnustarfsemi.
- Afmarkaðar verði lóðir fyrir skála í afréttum og skal stærð þeirra taka mið af umfangi starfseminnar. Lóðum er eingöngu úthlutað til aðila sem stunda tengda þjónustu eða eftirlit.
- Skálar á afrétti geta verið á 1-2 gæðum.
- Framkvæmdir skulu ekki rýra svæði á náttúruminjasrá.

**TAFLA 1.** Hluti úr töflu 10 í greinagerð aðalskipulags um afþreyingar- og ferðamannasvæði.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
AF22	Emstruskáli (Mosar)	Skálasvæði. Gisting fyrir allt að 20 manns. Deiliskipulag ekki fyrir hendi.	3,0



**Mynd 1.** Skjáskot úr Aðalskipulagi Rangárbings eystra 2020-2032. Emstruskáli er innan bláa hringsins.



## Hverfisvernd

Fjallaselið er innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis HV10, sbr. kafla 7.4, í greinagerð aðalskipulags.

Í aðalskipulagi eru skilgreind svæði þar sem sveitarstjórn hefur ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs- eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Eftirfarandi eru meðal almenna skilmála hverfisverndar vegna náttúruverndar.

- Þurfi að reisa mannvirki s.s. fjallaskála, gangnamannaskála, neyðaskýli, fjarskiptamöstur eða aðrar sambærilegar byggingar á svæðinu, skal það gert samkvæmt ákvæðum um slíkar byggingar í aðalskipulagi, í samræmi við deiliskipulag og í samráði við viðkomandi umsagnaraðila.
- Forðast skal að raska vistgerðum með mjög hátt verndargildi, sem ná yfir 2 ha eða stærra svæði.
- Hluti víðerna á afréttinum er settur undir hverfisvernd. Leitast skal við að vernda þau og viðhalda lítt snortnu yfirbragði þeirra.

**TAFLA 2.** Hluti úr töflu 44 í greinagerð aðalskipulags um hverfisvernd.

AUÐKENNI	LÝSING	SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
HV10	<p><b>Markarfljót/Hnattfell.</b> Svæðið tekur yfir Hnattfell, Markarfljótsgljúfur frá Húsadal og farveg Markarfljóts norður að sveitarfélagsmörkum.</p> <p>Svæði sem falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar, sem Alþingi hefur samþykkt, skal friðlýst gagnvart orkuvinnslu. Tveir virkjunarstaðir í Rangárþingi eystra eru í verndarflokki, þ.e. Markarfljótsvirkjun A og Markarfljótsvirkjun B. Sveitarstjórn stefnir að friðlýsingu þess hluta Markarfljótsgljúfra sem tengjast þessum virkjunarkostum í samræmi við ákvæði í fyrrgreindri áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og laga um náttúruvernd. Umrædd svæði eru á skilgreindu náttúruverndarsvæði (nr. 761 á náttúruminjaskrá).</p>	<p>Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.</p> <p>Ekki verður hróflað við minjum, vörðum eða öðrum leiðum án samráðs við minjavörð. Vélknúin umferð er einungis heimil á skilgreindum leiðum/stígum. Ríðandi umferð skal fylgja hefðbundnum reiðleiðum. Heimilt er að byggja upp aðstöðu til að bæta aðgengi og auka öryggi s.s. salerni, bæta stíga og slóða, reisa lítill aðstöðuhús og merkja bílastæði og leiðir.</p>	13.350,0

### 2.2.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

#### 2.2.4 Þjóðlenda

Stór hluti hálendis Rangárbings eystra er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfa sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlenda. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

#### 2.2.5 Fornminjar

Aðalskráning fornleifa hefur ekki verið lokið í Rangárbingi eystra. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.



### 3 DEILISKIPULAG

Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir núverandi og nýjum mannvirkjum. Afmörkuð er lóð umhverfis þau.

#### 3.1 Lóð og byggingarskilmálar

Stofnaðar verða tvær lóðir, önnur fyrir skála og hin fyrir hesthús. Skilgreindir eru tveir byggingarreitir. Einn innan hvorrar lóðar.

B1 – Heimilt er að byggja allt að 100 m<sup>2</sup> skála og um 25 m<sup>2</sup> skálavarðarhús/geymslu. Gera skal ráð fyrir salernisaðstöðu í húsum.

B2 – Heimilt er að viðhalda núverandi hesthúsi og/eða byggja nýtt, samtals allt að 80 m<sup>2</sup>.

Byggingarefni er frjálst en leitast skal við að nota byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds. Gæta skal samræmis í útliti allra bygginga á staðnum. Mannvirki skulu felld að landi eftir því sem hægt er.

#### 3.2 Samgöngur

Aðkoma er af Emstruleið nr. F261 og um núverandi aðkomuveg að húsum. Emstruleið liggur milli skála og hesthúss. Svæðið er vel tengt reiðleiðum og göngu- og hjólastígum samkvæmt aðalskipulagi.

#### 3.3 Veitur

##### 3.3.1 Vatnsból

Heimilt er að bora eftir vatni á staðnum og er leiðbeinandi staðsetning vatnsból og vatnsverndarsvæði er sýnd á uppdrætti og verða skilgreind í aðalskipulagi á síðari stigum. Öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.sbr.

##### 3.3.2 Fráveita

Leiðbeinandi staðsetning rótþróar er sýnd á skipulags uppdrætti. Rotþró skal samnýtt fyrir öll mannvirki eftir því sem þarf og við verður komið. Frágangur og gerð rotþróar og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

##### 3.3.3 Rafveita

Heimilt er að framleiða rafmagn á staðnum og nota til þess allt að 4 kV vindrafstöð eða sólarcellur. Nýta skal raforku sameiginlega fyrir öll mannvirki.

### **3.4 Regnvatn**

Bent er á þann kost að veita vatni af húspökum beint niður í jarðveg. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði, sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytli smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

### **3.5 Sorp**

Á staðnum skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Sorpi skal ekið til byggðar til endurvinnslu. Skipulag sorpmála fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

## **4 ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR**

### **4.1 Hönnun og uppdrættir**

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag bygginga á lóðinni. Þakform og mænisstefna er frjálss en gæta skal að innbyrðis samræmi.

### **4.2 Mæliblöð**

Á mæliblöðum skal sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingareiti húsa og bílastæði. Þá skal sýna skipulag og frágang lóða.

### **4.3 Frágangur lóða og umgengni**

Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Umgengni skal vera til fyrirmyndar og skal halda svæðinu sem snyrtilegustu. Að framkvæmdum loknum skal aðlaga land að landinu umhverfis og færa í sem upprunalegast horf.

## 5 UMHVERFISÁHRIF

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 líkt og allar skipulagsáætlanir og breytingar á þeim. Í umhverfismatsskýrslu er leitast við að gera grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 2.3.

Í skipulagsgerð er mat á áhrifum mikilvægt og nýtist m.a. til að bregðast við hugsanlegum neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Mat á áhrifum mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

### 5.1 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir: „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu“. Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks auk þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

### 5.2 Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin. Við matið er horft til umhverfisþátta í töflu 3 og leitast við að svara matsspurningum:

Tafla 3. Umhverfisþættir og helstu matsspurningar.

UMHVERFISÞÆTTIR	VIÐMIÐ	MATSPURNINGAR
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag. Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð. Víðerni. Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2032 <ul style="list-style-type: none"><li>Við hönnun mannvirkja verði lögð áhersla á að þau fali vel að landi og halda skal í dreifbýlisyfirbragð.</li></ul> Landsskipulagsstefna 2015-2026 <ul style="list-style-type: none"><li>Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.</li><li>Skipulag byggðar og landnotkun varðveiti og efli gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað.</li><li>Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðarupplifun.</li></ul>	Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á víðerni? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
<b>Gróður og dýr</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi. Búsvæði dýra.</i>	Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2032 <ul style="list-style-type: none"><li>Skipulag byggðar og umhverfis stuðli að sjálfbærni þróun samfélagsins og skapi skilyrði til sambýlis íbúa og náttúru í góðri sátt hvort við annað.</li></ul> Landsskipulagsstefna 2015-2026	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?

UMHVERFISÞÆTTIR	VIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áhersla á verndun víðerna, landslagsheildar, mikilvæga vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.</li> </ul>	
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði.</i>	Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2032 <ul style="list-style-type: none"> <li>Öll mannvirki skulu hafa fráveitu sem er viðurkennd af heilbrigðiseftirliti.</li> </ul> Landsskipulagsstefna 2015-2026 <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi.</li> </ul>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?
<b>Samfélag</b> <i>Þjónusta við ferðamenn.</i> <i>Atvinnulíf.</i> <i>Útivistarmöguleikar.</i>	Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2032 <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag taki mið af því að halda opnum gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og aðgengi að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum.</li> <li>Stuðla að fjölbreyttu og öflugum atvinnulífi, efla þá þjónustu sem er til staðar og unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu.</li> </ul> Landsskipulagsstefna 2015-2026 <ul style="list-style-type: none"> <li>Uppbygging ferðaþjónustu stuðli að góðri aðstöðu ferðafólks. Gætt verði að óbyggðarupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar.</li> </ul>	Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðarmenn? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá.</i> <i>Hverfisvernd.</i> <i>Fornminjar.</i>	Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2032 <ul style="list-style-type: none"> <li>Landslagsheildir, fjölbreytileiki landslags og menningarminja verði vernduð.</li> </ul> Landsskipulagsstefna 2015-2026 <ul style="list-style-type: none"> <li>Skipulag stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og menningarminja og sögu.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

### 5.3 Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags

**Stefna deiliskipulags:** Svæðið er skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði með gistingu fyrir 20 manns á um 1,8 ha svæði. Stofnaðar verða tvær lóðir, önnur fyrir allt að 100m<sup>2</sup> skála og allt að 25 m<sup>2</sup> skálavarðarhús/geymslu og hin fyrir hesthús.

**Árif á land og landslag eru metin óveruleg:** Svæðið hefur þegar verið byggt og því ekki líklegt að skipulagið hafi teljandi áhrif á núverandi ásýnd og landslag. Svæðið viðheldur víðernis yfirbragði og óbyggðarupplifun.

**Áhrif á gróður og lífríki eru metin óveruleg:** Svæðið hefur þegar verið raskað við núverandi mannvirkjagerð. Skilmálar eru settir um frágang lands þegar framkvæmdum ljúka.

**Áhrif á heilbrigði og öryggi eru metin óveruleg:** Ekki er talin vera hætta af mengun ef farið er eftir lögum og reglugerðum um fráveitu með fullnægjandi hætti í samráði við heilbrigðisyfirvöld. Svæðið er á hættusvæði vegna flóða og unnið er eftir viðbragðsáætlunum.

**Áhrif á samfélag eru metin jákvæð:** Verið er að byggja upp og efla þjónustu við ferðafólk á svæðinu. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði og gott gönguland í nágrenni byggðar.

**Áhrif á náttúru og menningarminjar eru metin óveruleg:** Engar þekktar náttúru- eða menningarminjar eru á svæðinu.

**Niðurstaða:** Sveitarfélagið telur stefnu skipulagsins yfir heildina vera jákvæða. Verið er að setja ramma utan um uppbyggingu á svæðinu og auka þjónustu við ferðafólk. Svæðið er þegar uppbyggt og hefur raskast vegna mannvirkjagerða og dýrahalds. Ekki er talin vera hættu á mengun eða röskun minja á svæðinu.

## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 41. gr. skipulagslaga.

### 6.1 Umsagnaraðilar

Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Vegagerðin

### 6.2 Skipulagsferlið

Deiliskipulagstillagan verður auglýst haustið 2023 og gert er ráð fyrir að það taki gildi í byrjun árs 2024.